

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir málningarverksmiðju Slippfélagsins í Reykjavík, kt. 600269-0549. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2016.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir meðferð og förgun úrgangsefna á athafnasvæði sorpbrennslustöðvar Sorporkustöðvar Vestmannaeyja, kt. 481188-2539. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2016.

*Umhverfisstofnun, 2. júlí 2004.*

**Árni Bragason,**  
staðgengill forstjóra

---

*Sigurbjörg Gísladóttir,*  
*forstöðumaður stjórnsýslusviðs.*